

# Ákvörðun vörumerkjaskrárritara

nr. 9/1997

Leaf Sverige Aktiebolag, Svíþjóð

gegn

ZENECA LIMITED, Bretlandi

## Málsatvik

Þann 18. september 1995 lagði Björn Árnason, Reykjavík, inn umsókn um skráningu á vörumerkinu SORBID, (orðmerki), fyrir hönd ZENECA LIMITED, Bretlandi. Umsókninni var gefið númerið 1151/1995. Óskað var skráningar fyrir „lyf og lyfjaefni“ í flokki nr. 5. Merkið var birt í Vörumerkja- og einkaleyfatíðindum þann 19. desember 1995.

Með bréfi, dags. 7. febrúar 1996, sem barst Einkaleyfastofunni þann 8. febrúar 1996, andmælti, Sigurjónsson & Thor, ehf., skráningu merkisins, fyrir hönd Leaf Sverige Aktiebolag, Svíþjóð. Andmælin byggjast á því að ruglingshætta sé með merkinu og merki andmælanda SOR-BITS, nr. 145/1973, en það er skráð fyrir vörur í flokkum nr. 5 og 30.

Greinargerð andmælanda barst Einkaleyfastofunni þann 22. febrúar 1996. Þá var umsækjanda gefinn kostur á að koma fram sínum athugasemdum. Þar sem engin greinargerð barst frá umsækjanda var málið tekið til úrskurðar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

## Málsástæður og lagarök

Andmælandi telur nánast augljóst að ruglingshætta sé milli ofangreindra merkja. Hann bendir á að lítill munur sé á merkjunum í framburði. Eini munurinn á merkjunum sé endingin, en bendir einnig á að bókstafirnir T og D séu hljóðfræðilega skyldir.

Andmælandi bendir á að talið sé að hljóðlíking hafi mikla þýðingu varðandi ruglingshættu á sviðum þar sem vörumerki eru mikið notuð munnlega og mikilvægt sé að ruglingur verði ekki. Þetta telur andmælandi einkum eiga við um vörur í 5. flokki.

Þá er bent á að þegar fyrsta atkvæði merkja sé eins auki það líkur á ruglingi þar sem kaupandinn taki mest eftir fyrsta atkvæði. Einnig bendir andmælandi á að það hafi verið talin meginregla að ruglingshætta sé með merkjum með tvö atkvæði ef nokkrir bókstafir þeirra séu eins og í sömu röð í merkjunum.

Loks kveður andmælandi augljóst að heildarmynd merkjanna sé svo lík að hafna beri skráningu á umsókn umsækjanda.

Eins og fyrr hefur komið fram barst ekki greinargerð frá umsækjanda í máli þessu.

## Niðurstaða

Andmælin eru borin fram innan tilskilins frests og eru því lögmæt.

Til úrlausnar er hvort ruglingshætta sé með merkjunum SORBID og SOR-BITS. Sótt er um skráningu merkisins SORBID fyrir „lyf og lyfjaefni“ í flokki 5. Merki andmælanda SOR-BITS er skráð fyrir allar vörur í flokkum 5 og 30. Ljóst er að vörulíking er til staðar með merkjunum.

Merki umsækjanda er sex bókstafa orð með tveimur atkvæðum. Fyrstu fimm bókstafir merkisins eru þeir sömu og í merki andmælanda og merki andmælanda er einnig tveggja atkvæða orð.

Merki andmælanda einkennist nokkuð af bandstriki sem skiptir orðinu í tvo hluta SOR og BITS. Þrátt fyrir þetta sérkenni verður að telja þegar

litið er á heildarmynd ofangreindra merkja, vörulíkingu og hljóðlíkingu að hætt sé við að villst verði á merkjunum.

Með hliðsjón af framangreindu er skráningu á merkinu SORBID, skv. umsókn nr. 1151/1995 hafnað.

Vegna mikilla anna vörumerkjaskrárritara hefur ekki verið unnt að kveða upp úrskurð í máli þessu fyrr en nú.

### **Ákvörðunarorð.**

Skráningu á merkinu SORBID, skv. umsókn nr. 1151/1995 er hafnað.

Reykjavík 4. apríl 1997.

---

Ásta Valdimarsdóttir, lögfr.